



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 132/879
komudagur 16.2.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög.

Okkur hefur borist beiðni um umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Umsögn þessi takmarkast við þau efnisatriði sem snerta starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar verði hætt.


Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem liggur fyrir Alþingi segir, að ríkissjóður muni yfirtaka rekstrarskuldbindingar Ríkisútvarpsins gagnvart hljómsveitinni. Jafnframt því þarf að vera skýrt að ríkissjóður yfirtaki skuld ríkisútvarpsins við hljómsveitina en hún nemur nú um 626 m.kr., enda nemur skuld hljómsveitarinnar við ríkissjóð sömu upphæð.

Verði frumvarpið um Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumvarpið um Ríkisútvarpið hf, að lögum samtímis, og verði það skýrt í samræmi við ábendingar okkar, þá mun starfsemi hljómsveitarinnar ekki bíða skaða af.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands gerir því ekki frekari athugasemdir við þær breytingar á rekstrarþátttöku sem fyrnefnt frumvarp boðar.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands


Þröstur Ólafsson, framkv.stj.

 **Landsbankinn**

Landsbanki Íslands er aðalstyrktaraðili
hljómsveitarinnar á tónleikaferðum erlendis

Háskólabíó við Hagatorg
107 Reykjavík
Sími: 545 2500
Fax 562 4475
www.sinfonia.is
sinfonia@sinfonia.is

Listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri: Rumon Gamba
Heiðursstjórnandi: Vladimir Ashkenazy